

Alþingi

Erindi nr. D 116 / 590

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ  
Efnahagsskrifstofa

12. desember 1992  
komudagur 14 / 12 1992 VINNUSKJAL

## Verðlagshorfur 1993

**Verðlagshorfur 1993.** Í forsendum fjárlagafrumvarps var gert ráð fyrir að vísitala framfærslukostnaðar hækkaði um 1,9% að meðaltali milli ára 1992 og 1993. Hækkunin innan ársins var talin geta orðið heldur meiri, eða 2,3%.

Þessar forsendur hafa nú breyst, meðal annars vegna þeirra efnahagsaðgerða sem ríkisstjórnin hefur orðið að grípa til. Samkvæmt endurskoðaðri spá fjármálaráðuneytisins er talið að framfærsluvísitalan hækki um 3,1% að meðaltali milli ára 1992 og 1993 og 3,4% innan ársins. Samkvæmt spánni munu tveir þriðju hlutar árshækkunarinnar, eða rúmlega 2%, koma fram strax á næstu tveimur mánuðum meðan verðlagsáhrif efnahagsaðgerðanna eru að ganga yfir. Eftir það mun verðlagsþróunin fara í svipað far og verið hefur að undanfömu.

Þetta eru nokkru lægri tölur en Þjóðhagsstofnun gerði ráð fyrir í spá sinni sem birt var í lok síðasta mánaðar. Skýringin á frávikinum eru annars vegar að verðlagsáhrif skattbreytinga á næsta ári eru heldur minni en áður var talið auk þess sem fallið hefur verið frá fyrri áformum um þjónustugjöld. Þetta eru reyndar svipaðar tölur og í nýlegri spá Vinnuveitendasambandsins. Þessi spá er að öðru leyti byggð á svipuðum forsendum og í fjárlagafrumvarpinu þar sem ekki er gert ráð fyrir almennum launabreytingum á næsta ári.

**Verðlagsáhrif skattbreytinga.** Í meðfylgjandi töflu er sýnd sundurliðun á áætluðum áhrifum þeirra skatta- og gjaldabreytinga sem áformuð eru á næsta ári. Það er rétt að taka fram að þessi áhrif koma ekki að öllu leyti fram á næsta ári þar sem gildistaka síðasta áfanga virðisaukaskatts er í ársbyrjun 1994.

### Áhrif á framfærsluvísitölu, %

Virðisaukaskattur	0,90
Niðurfelling aðstöðugjalds	- 1,50
Hækkun bensín- og þungaskatts	0,30
Hækkun gjaldskrár í heilbrigðiskerfinu	0,30
Áætluð heildaráhrif á framfærsluvísitölu	0

**Áhrif á kaupmátt.** Í forsendum fjárlagafrumvarps var gert ráð fyrir því að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna myndi dragast saman um 1,7% á næsta ári. Hér gætti meðal annars áhrifa versnandi atvinnuástands og þar með minni tekjubreytinga. Á hinn bóginn var gengið út frá óbreyttri skattbyrði milli ára.

Þessar horfur hafa nú breyst meðal annars í kjölfar versnandi efnahagshorfa. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er nú talið að kaupmáttur ráðstöfunartekna geti dregist saman um 3-4%. Hér gætir tvenns konar áhrifa sem toga í sitt hvora áttina. Annars vegar er með efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar stefnt að því að koma í veg fyrir aukið atvinnuleysi og þar með minnkandi tekjur. Hins vegar hefur hækkun tekjuskatts og lækkun bótagreiðslna áhrif á skattbyrði. Heildaráhrif breytinga á tekjuskatti einstaklinga, barnabótum, vaxtabótum (sem koma til framkvæmda árið 1994) meðlagsgreiðslum og mæðralaunum eru metin til um það bil 2% lækkunar ráðstöfunartekna heimilanna.